

Kennsluáætlun þessi tekur mið af hæfniviðmiðum sem fram koma í Aðalnámskrá Grunnskóla og skólanámskrá Grunnskóla Grindavíkur.

Kennarar: Dagný Baldursdóttir, Sara Arnbjörnsdóttir og Sigrún Sverrisdóttir

VIKA	VIÐFANGSEFNI	EFNISTÖK	NÁMSEFNI	ANNAÐ
1-2 25.-ágúst – 17. sept 24.08 skólasetning	Upprifjun, talnaskilningur og reikniaðgerðir	Upprifjun reikniaðgerðir, samlagning og frádráttur. Hundruð, tugir og einingar rifjaðir upp ásamt talnahúsinu.	Verkefnahefti, ljósrit og fleira. Dúndurstrákurinn – sætisgildi	Hæfniviðmið:
20.sept-23.sept 24.sept- starfsdagur.	Upplýsingar og tölfræði.	Nemendur læra að safna upplýsingum, flokka þær og skrá. Áhersla er lögð á að þeir búi til og lesi úr súluritum. Einnig læra nemendur að nota talningastrik þegar fjöldi er talinn í stórum söfnum.	Sproti 3a – kafli 1 bls. 2-11 Hlutbundin vinna, raunverkefni.	Hæfniviðmið: geti safnað gögnum og skráð í tíðnitöflu geti sett upp á myndrænan hátt t.d. í súlurrit geti lesið upplýsingar úr einföldum myndritum geti leyst verkefni er varðar daglegt líf þeirra geti leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga Einstaklingskönnun bls.13 (3a).
27.sept- 1.okt. 4.-8.okt. 11.-15.okt.	Þriggja stafa tölur Samlagning og frádráttur Taka til láns og geyma Hundraðtaflan	Nemendur læra að tákna þriggja stafa tölur á mismunandi vegu. Áhersla á að leggja saman og draga frá tölur, geyma og taka til láns. Setja upp dæmi og reikna í rúðustrikaða reikningsbók. Allt er	Sproti 3a – kafli 2 bls. 16-39 Ljósritað efni Hlutbundin vinna Gögn frá kennara	Hæfniviðmið: <u>geti talið, raðað, lesið og skrifað tölur upp að 1000</u> <u>þekki talnahúsið og átti sig á að það stækkar</u>

		þetta byggt á sætiskerfinu og áfram æft að skipta einingum í tugi og öfugt og tugum í hundruð og öfugt.	Ýmis æfingadæmi af skólavef Gagnvirkt efni af nams: Talnavitinn, Í undirdjúpunum samlagning/frádráttur Talnaferningur	<u>þekki samhengið sem er innan talnahússins</u> <u>þekki einingar, tugi og hundruð</u> <u>geti skipt þriggja stafa tölu í hundruð, tugi og einingar</u> <u>geti lagt saman með þriggja stafa tölu</u> <u>geti dregið frá með þriggja stafa tölu</u> <u>þekki táknið fyrir samlagningu, frádrátt og jöfnuð</u> <u>geti fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar</u> <u>Einstaklingskönnun bls. 36 (3a).</u>
20.-22.okt 25.-29.okt. 1.-5.nóv. 2.nóv- samskiptadagur.	Margföldun Margföldunartöflur 0x, 1x,2x,5x og 10x	Margföldun er kynnt, fyrst sem endurtekin samlagning og síðar sem hopp á talnalínunni. Að lokum læra nemendur um margföldum með því að nota rúðunet. Nemendur æfa sig í að reikna og setja upp margföldunardæmi. Unnið með margföldunartöflur, víxlregla kynnt og tengsl við deilingu. Fengist við verkefni sem tengjast daglegu lífi.	Sproti 3a – kafli 6 bls. 92-107 Stefnum á margföldun Ljósritað efni Hlutbundin vinna Gögn frá kennara Ýmis æfingadæmi af skólavef Gagnvirkt efni af nams: Teningaspil, Þrír í röð, Í undirdjúpunum, Reiknum og reiknum	Hæfniviðmið: þekki táknið fyrir margföldun geti nýtt sér endurtekna samlagningu við margföldun kann 0 x töfluna kann 1x töfluna kann2x töfluna kann 5x töfluna kann 10x töfluna Einstaklingskönnun bls 104 (3a).
8. – 19 Nóv.	Tíminn Fengist er við tímann við mismunandi hversdagslegar aðstæður. Lesið er af	Nemendur læra að lesa og skrá hvað klukkan er, bæði með hefðbundnum hætti og á stafrænan hátt. Nemendur tilgreina tímasetningar munnlega.	Sproti 3a – kafli 4 bls. 60-75 Ljósritað efni Hlutbundin vinna,	Hæfniviðmið: geti lesið á tölvuklukku og klukku með skífu

	klukkum skífuklukkum og tölvuklukkum og þær stilltar með heilum tímum, hálfum tímum og stundarfjórðungum og það skráð.	Einnig læra þeir hvernig sólarhringurinn skiptist í 2x 12 klukkustundir. Meta lengd tíma í mínútum og kanna tímalengd ýmissa athafna.	raunverkefni Gögn frá kennara Gagnvirkt efni af mms: Klukkan	geti stillt skífuklukku og tölvuklukku á heila tímann geti stillt skífuklukku og tölvuklukku á hálfan tíman geti stillt skífuklukku og tölvuklukku á korter í og korter yfir þekki hugtakið sólarhringur
22.nóv-10.des.	Deiling Að skipta jafnt við aðstæður í daglegu lífi. Búa til reikningsdæmi	Deiling kynnt sem jöfn skipting og endurtekinn frádráttur. Einnig farið yfir tengsl margföldunar og deilingar. Nemendur læri að þekkja deilingarmerkið.	Sproti 3a – kafli 7 bls. 108-121 Stefnum á deilingu Ljósritað efni Hlutbundin vinna, raunverkefni Gögn frá kennara Ýmis æfingadæmi af skólavef Gagnvirkt efni af nams: Skiptu jafnt, Reiknum og reiknum	Hæfniviðmið: þekki táknið fyrir deilingu geti reiknað deilingardæmi með því að skipta á milli geti reiknað deilingardæmi með því að endurtaka frádrátt átti sig á tengslum margföldunar og deilingar Einstaklingskönnun bls . 118 í Sprotu 3a Mat kennara á vinnubrögðum og samstarfi Skimun - Talnalykill lagður fyrir
13-20.des	Samhverfa Speglun, hliðrun og munsturgerð	Nemendur læra um spelgun og samhverfju. <i>Hugmyndum sem mynda grunn að stærðfræði almennt og þeim þankagangi sem einkennir algebru.</i>	Sproti 3a – kafli 8 bls. 122-128 Kostuleg kort og gröf – valin verkefni Gagnvirkt efni af nams: Speglum í hnitakerfi, Hliðrun í hnitakerfi, Reyndu þig við hnitakerfið	Hæfniviðmið: geti tjáð sig um reglur í talnamynstrum geti tjáð sig um reglur í myndamynstrum geti haldið áfram með talnamynstur geti haldið áfram með myndamynstur geti búið til mynstur

				geti speglað myndir geti fundið speglunarása mynda geti hliðrað myndir Einstaklingskönnun bls. 127
--	--	--	--	--

Námsmat:

Kennari notar sérstaka námsmatskvarða við mat á nemendum. Námsmatskvarðinn er símatskvarði sem kennari vinnur jafnóðum yfir skólaárið. Til grundvallar eru lagðar stærri og smærri kannanir, sjálfsmat nemenda og verkefni. Kvarðinn er unninn út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrá Grunnskóla. Að vori fá nemendur vitnisburð, í honum er nemendum gefin einkunn í færni. Foreldrar geta fylgst með hæfnikorti barna sinna á mentor.

Framúrskarandi

Hæfni náð

Þarfnast þjálfunar

Hæfni ekki náð

Markmið sem unnið er með allt árið:

- Geti notfært sér ýmiss gögn eins og smáhlutasöfn, vasareikni, talnagrindur, peninga og fleira
- Geti tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar
- Geti leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og venjist því að ræða við þá um verkefni
- Geti leyst einföld orðadæmi
- Þjálfist í að setja fram tilgátur og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræðipækkingu sína
- Geti leyst verkefni sem varða daglegt líf
- Geti kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum
- Geti lesið og rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð
- Geti undirbúið og flutt stutta kynningu á eigin vinnu með stærðfræði

Reglulega er farið yfir mánuði, mánaðardaga og vikudaga. Heilu og hálfu tímarnir skoðaðir.

Á svæðum yfir allt skólaárið er unnið með tölfræði og orðadæmi á hlutbundin og verklegan hátt (stærðfræðilæsi). Nemendur vinna einnig með ýmiss verkefni sem tengjast aðferðafræði og reikniaðgerðum í stærðfræði á fjölbreyttan hátt (stærðfræðihornið). Nýtt svæði er rökhugsun en þar eru nemendur þjálfaðir í þrautalausnum og algebru á fjölbreyttan hátt.